

Kæri innleggjandi.

Kópaskeri 09.ágúst 2018

**Fyrst þetta...**

Við stefnum að því að hefja sláturtíð 12.september og hefst slátrun eftir hefðbundinni áætlun frá þeim degi.

Sláturtölur og óskir varðandi slátrun þurfa að berast okkur fyrir mánudaginn 27.ágúst . Hægt er að fylla út sláturfjárloforð á netinu [www.fjallalamb.is](http://www.fjallalamb.is) og undir liðnum bændur og þar er smellt á sláturfjárloforð. Einnig er hægt að hringja í okkur 4652140 eða senda tölvupóst á [fjallalamb@fjallalamb.is](mailto:fjallalamb@fjallalamb.is).

Ef bændur eru með sérstakar óskir um slátrun eða fyrirkomulag slátrunar, þá endilega látið það fylgja sláturtölum.

Afar mikilvægt er að sláturfjártölur standist.

**Bændasögun og vinnsla.**

Ég vil biðja þá bændur sem enn eiga kjöt utan frystihólfa (þar með talið kjöt í eigin birgðum) að hreinsa það upp og koma því annaðhvort í frystihólf eða heim fyrir 1. september.

Það kjöt í eiginbirgðum sem ekki verður búið að gera grein fyrir fyrir 1. Sept. færast sjálfkrafa í fjallalambsbirgðir. Við þá færslu þá gjaldfærast 1100 kr.á hvern skrokk.

**Annað varðandi haustið 2018.**

Frekara fyrirkomulag heimtöku og nánari upplýsingar varðandi slátrun og sláturtíð ásamt verðskrá fyrir slátrun á heimtöku og fl.mun ég birta fljótlega.

Bestu kveðjur

Björn Víkingur Björnsson